



## Samstæða

Samandreginn árshlutareikningur  
1. janúar til 30. júní 2011

Landsvirkjun  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík

Kt. 420269-1299

# Efnisyfirlit

---

Helstu upplýsingar, framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar .....	3
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	4
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur .....	6
Yfirlit um heildarafkomu .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Eiginfjárfirlit .....	9
Sjóðstreymisyfirlit .....	10
Skýringar .....	11

# Helstu upplýsingar

## Framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar

### Fjárhæðir í þúsundum USD

	2011 1.1.-30.6	2010 1.1.-30.6	2009 1.1.-30.6	2008 1.1.-30.6	2007 1.1.-30.6
<b>Rekstur *</b>					
Rekstrartekjur .....	214.370	186.005	139.009	239.623	173.427
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði .....	3.515	( 4.812)	40.074	( 35.721)	( 34.027)
<b>Rekstrartekjur samtals .....</b>	<b>217.885</b>	<b>181.193</b>	<b>179.083</b>	<b>203.902</b>	<b>139.400</b>
Rekstrar- og viðhaldskostnaður .....	( 38.667)	( 37.398)	( 34.849)	( 50.250)	( 48.079)
<b>EBITDA .....</b>	<b>179.218</b>	<b>143.795</b>	<b>144.234</b>	<b>153.652</b>	<b>91.321</b>
Afskriftir og virðisrýmun .....	( 53.777)	( 52.634)	( 54.801)	( 51.333)	( 37.142)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT) .....</b>	<b>125.441</b>	<b>91.161</b>	<b>89.433</b>	<b>102.319</b>	<b>54.179</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 74.959)	( 43.667)	( 56.629)	( 65.943)	( 22.966)
<b>Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði .....</b>	<b>50.482</b>	<b>47.494</b>	<b>32.804</b>	<b>36.376</b>	<b>31.213</b>
<b>Óinnleystir fjármagnsliðir:</b>					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða .....	59.000	( 183.236)	47.692	414.919	79.196
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða .....	21.817	( 21.777)	( 9.345)	( 155.256)	20.304
Óinnleystur gjaldeyrismunur .....	( 94.221)	178.686	( 9.619)	( 161.613)	288.903
	( 13.404)	( 26.327)	28.728	98.050	388.403
Hagnaður f. tekjuskatt skv. árshlutareikningi .....	37.078	21.167	61.532	134.426	419.616
<b>Efnahagur</b>	<b>30.06. 2011</b>	<b>30.06. 2010</b>	<b>30.06. 2009</b>	<b>30.06. 2008</b>	<b>30.06. 2007</b>
Eignir samtals .....	4.779.918	4.584.038	4.555.338	5.505.319	4.734.247
Eigið fé samtals .....	1.670.073	1.579.686	1.421.455	1.758.031	1.632.894
Skuldir samtals .....	3.109.845	3.004.352	3.133.883	3.747.288	3.101.353
Nettó skuldir ** .....	2.684.795	2.561.291	2.797.642	3.020.832	2.563.081
<b>Sjóðstreymi</b>	<b>1.1.-30.6</b>	<b>1.1.-30.6</b>	<b>1.1.-30.6</b>	<b>1.1.-30.6</b>	<b>1.1.-30.6</b>
Veltufé frá rekstri (FFO) .....	129.637	114.177	103.696	108.585	63.805
Handbært fé frá rekstri .....	132.669	109.984	103.644	76.356	64.932
Fjárfestingar .....	( 26.226)	( 24.664)	( 59.640)	( 213.623)	( 191.053)
Fjármögnun .....	( 178.161)	( 97.567)	( 35.815)	97.071	242.097
<b>Lausafé</b>	<b>30.06. 2011</b>	<b>30.06. 2010</b>	<b>30.06. 2009</b>	<b>30.06. 2008</b>	<b>30.06. 2007</b>
Handbært fé í lok tímabils .....	193.332	178.763	128.844	137.459	190.265
Óáðregin veltílán .....	351.672	281.600	350.000	350.000	400.000
Lausafé alls .....	545.004	460.363	478.844	487.459	590.265
<b>Kennitölur</b>					
Arðsemi eiginfjár *** .....	5,1%	11,4%	( 21,7)%	14,3%	46,3%
Eiginfjárhlutfall .....	34,9%	34,5%	31,2%	31,9%	34,5%
Vaxtaþekja (EBITDA/Vaxtagjöld) .....	3,20x	3,65x	3,14x	1,68x	2,46x
FFO / nettó skuldir *** .....	8,7%	8,3%	7,2%	6,1%	5,0%
FFO / Vaxtagjöld .....	2,32x	2,90x	2,26x	1,19x	1,72x
Nettó skuldir / EBITDA *** .....	8,05x	9,44x	9,74x	11,36x	14,03x
<b>Lánshæfiseinkunn í lok júní</b>					
Standard & Poor's .....	BB	BB	BBB-	A	A+
Moody's .....	Baa3	Baa3	Baa1	Aa1	Aaa

\* Í eftirfarandi framsetningu eru reiknaðar óinnleystar gangvirðisbreytingar afleiða og reiknaður óinnleystur gjaldeyrismunur sérgreind

\*\* Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að fráðregnu handbæru fé

\*\*\* Kennitölur miðast við síðustu 12 mánuði

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur fyrirtækisins tekur, auk móðurfélagsins, til sex dótturfélaga, Landsnets hf., Fjarska ehf., Hraunaveitu ehf. Icelandic Power Insurance Ltd., Peistareykja ehf. og Landsvirkjunar Power ehf. auk þriggja dótturfélaga Landsvirkjunar Power ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu janúar til júní 2011 23,4 milljónum USD en hagnaður samstæðunnar á sama tímabili árið 2010 var 15,7 milljónir USD. Tekjur samstæðunnar námu 217,9 milljónum USD á tímabilinu en voru 181,2 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Taka þarf tillit til að á meðal tekna eru nú færðar innleystar áhættuvarnir tengdar álverði sem voru áður færðar meðal fjármagnsliða. Breytt framsetning hefur ekki áhrif á afkomu samstæðunnar eða fjárhagsstöðu. Handbært fé frá rekstri var 132,7 milljónir USD á tímabilinu en var 110,0 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Eigið fé samstæðunnar í lok júní var 1.670 milljónir USD samkvæmt efnahagsreikningi en 1.644 milljónir USD í árslok 2010.

Í lok júní 2011 nam handbært fé samstæðunnar samtals 193 milljónum USD og óadregin veltilán 352 milljónum USD eða alls 545 milljónum USD. Að teknu tilliti til sjóðstreymis frá rekstri og núverandi skuldbindinga telur fyrirtækið aðgengi að lausafé tryggð næstu árin.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2011 og rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar til júní 2011.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið janúar til júní 2011 gefi glögg yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samstæðuárshlutareikninginn með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. ágúst 2011.

Í stjórn félagsins:

Bryndís Hlöðversdóttir

Sigurbjörg Gísladóttir

Arnar Bjarnason

Ingimundur Sigurpálsson

Stefán Arnórsson

Forstjóri:

Hörður Arnarson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda Landsvirkjunar

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Landsvirkjunar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2011, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur fyrirtækisins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 16. ágúst 2011.

**KPMG ehf.**

Árni Claessen

Auður Þórisdóttir

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2011

	Skýr.	2011	2010*
		1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
<b>Rekstrartekjur</b>			
Raforkusala .....		187.959	160.739
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði .....		3.515 (	4.812)
Flutningstekjur .....		24.228	23.088
Aðrar tekjur .....		2.183	2.178
		<u>217.885</u>	<u>181.193</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Orkusvið .....		58.922	55.499
Flutningskerfi .....		16.823	16.840
Almennar rannsóknir .....		3.528	1.693
Annar rekstrarkostnaður .....		13.171	16.000
		<u>92.444</u>	<u>90.032</u>
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		<b><u>125.441</u></b>	<b><u>91.161</u></b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		1.699	2.854
Vaxtagjöld .....	(	55.991)	( 39.355)
Gjaldeyrismunur .....	(	113.421)	171.684
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða .....		59.000 (	183.236)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiðusamninga .....		21.817 (	21.777)
Aðrar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	(	1.467)	( 164)
	6 (	<u>88.363)</u>	<u>( 69.994)</u>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt.....</b>		<b>37.078</b>	<b>21.167</b>
Tekjuskattur .....	(	13.675)	( 5.479)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>		<b><u>23.403</u></b>	<b><u>15.688</u></b>
<b>Skipting hagnaðar</b>			
Eigendur móðurfélags .....		23.799	12.852
Minnihluti í dótturfélögum .....	(	396)	2.836
		<u>23.403</u>	<u>15.688</u>

Skýringar nr. 1 til 20 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

\* Breytt framsetning, sjá skýringu nr. 3.

## Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2011

---

	<b>2011</b>	<b>2010</b>
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....	<u>23.403</u>	<u>15.688</u>
<b>Rekstrarliðir færðir á eigið fé</b>		
Þýðingarmunur vegna dóttur- og hlutdeildarféлага .....	2.348	( 1.597)
Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals	<u>2.348</u>	<u>( 1.597)</u>
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b> .....	<u>25.751</u>	<u>14.091</u>
<b>Skipting heildarhagnaðar</b>		
Eigendur móðurfélags .....	25.974	11.772
Minnihluti í dótturfélögum .....	( 223)	2.319
	<u>25.751</u>	<u>14.091</u>

Skýringar nr. 1 til 20 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2011

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>30.6. 2011</b>	<b>31.12. 2010</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	7	3.665.549	3.709.732
Rekstrarfjármunir í byggingu .....		41.634	3.699
Óefnislegar eignir .....	8	193.918	205.819
Afleiðusamningar .....	10	411.179	363.694
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum .....		21.891	21.860
Aðrar langtímaeignir .....		114	143
Skatteign .....		90.694	104.141
Fastafjármunir samtals		<u>4.424.979</u>	<u>4.409.088</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		4.721	4.685
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		83.880	92.086
Afleiðusamningar .....	10	73.006	66.095
Handbært fé .....		193.332	265.532
Veltufjármunir samtals		<u>354.939</u>	<u>428.398</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>4.779.918</u>	<u>4.837.486</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eigendaframlög .....		586.512	586.512
Endurmatsreikningur .....		103.313	105.056
Þýðingarmunur .....	(	25.654)	( 27.829)
Annað eigið fé .....		970.339	944.797
Eigið fé eigenda móðurfélagsins		<u>1.634.510</u>	<u>1.608.536</u>
Hlutdeild minnihluta .....		35.563	35.786
Eigið fé samtals		<u>1.670.073</u>	<u>1.644.322</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	11	2.681.324	2.569.699
Lífeyrisskuldbindingar .....		23.609	23.442
Skuldbinding vegna niðurrifs .....		5.458	6.541
Afleiðusamningar .....	10	81.710	96.133
		<u>2.792.101</u>	<u>2.695.815</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	12	196.803	369.799
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		87.295	86.344
Afleiðusamningar .....	10	33.646	41.206
		<u>317.744</u>	<u>497.349</u>
Skuldir samtals		<u>3.109.845</u>	<u>3.193.164</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>4.779.918</u>	<u>4.837.486</u>

Skýringar nr. 1 til 20 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.



## Eiginfjáryfirlit 1. janúar 2010 til 30. júní 2011

	Eigenda- framlög	Endurmats- reikningur	Þýðingar- munur	Annað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<b>1. janúar til 30. júní 2010</b>							
Eigið fé 1. janúar 2010....	586.512	110.556	(34.702)	878.621	1.540.987	23.500	1.564.487
Heildarhagnaður.....			(1.080)	12.852	11.772	2.319	14.091
Aðrar breytingar .....						1.107	1.107
Upplausn afskrifta af endurmati.....		(1.589)		1.589	0		0
Eigið fé 30. júní 2010.....	586.512	108.967	(35.781)	893.063	1.552.761	26.925	1.579.686
<b>1. janúar til 30. júní 2011</b>							
Eigið fé 1. janúar 2011 ...	586.512	105.056	(27.829)	944.797	1.608.536	35.786	1.644.322
Heildarhagnaður .....			2.175	23.799	25.974	(223)	25.751
Upplausn afskrifta af endurmati.....		(1.743)		1.743	0		0
Eigið fé 30. júní 2011 .....	586.512	103.313	(25.654)	970.339	1.634.510	35.563	1.670.073

Skýringar nr. 1 til 20 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árs hlutareiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2011

	Skýr.	2011	2010
		1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		125.441	91.161
Afskriftir og virðisrýrnun .....		53.777	52.634
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....		52	344
Skuldbinding vegna niðurrifs, breyting .....	(	1.108)	1.296
Aðrar breytingar .....	(	118)	3
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða		178.044	145.438
Rekstartengdar eignir og skuldir, breyting .....		1.727	3.597
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða		179.771	149.035
Innborgaðar vaxtatekjur .....		1.643	2.231
Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur .....	(	48.745)	( 41.282)
Handbært fé frá rekstri	13	132.669	109.984
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Aflstöðvar í rekstri .....	(	4.413)	( 5.038)
Fjárfesting í flutningsvirkjum .....	(	1.970)	( 4.017)
Virkjunarundirbúningur .....	(	6.110)	( 4.251)
Aflstöðvar í byggingu .....	(	18.259)	0
Keypt hlutabréf .....	(	118)	( 4.650)
Seld hlutabréf .....		74	95
Aðrar fjárfestingar .....	(	2.072)	( 2.516)
Seldar eignir .....		4.299	108
Ógreiddur framkvæmdakostnaður, breyting .....	(	6.112)	( 2.839)
Aðrar kröfur, breyting .....		8.455	( 1.556)
Fjárfestingarhreyfingar	(	26.226)	( 24.664)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Innborgað hlutafé hjá dótturfélagi .....		0	234
Lántökur .....		104.129	48.844
Gjaldmiðlaskiptasamningar .....		7.478	( 5.035)
Afborganir lána til langs tíma .....	(	289.768)	( 141.610)
Fjármögnunarhreyfingar	(	178.161)	( 97.567)
<b>Lækkun á handbæru fé</b> .....	(	71.718)	( 12.247)
<b>Áhrif gengisbreytinga á handbært fé</b> .....	(	482)	( 3.238)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		265.532	194.248
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b> .....		193.332	178.763

Skýringar nr. 1 til 20 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árs hlutareiknings.

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

### 1. Landsvirkjun

Landsvirkjun er sameignarfyrtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Megintilgangur fyrirtækisins er að stunda starfsemi á orkusviði. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðurárhlutareikning fyrirtækisins og dótturfélaga þess.

### 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010.

Stjórn fyrirtækisins heimilaði birtingu árshlutareikningsins 16. ágúst 2011.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2010. Framsetningu hefur verið breytt á þá leið að innleystar áhættuvarnir tengdar álverði eru nú færðar meðal rekstrartekna og hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis. Breytt framsetning hefur ekki áhrif á afkomu samstæðunnar eða fjárhagsstöðu. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is) og á vef NASDAQ OMX Iceland; [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadöllum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram. Árshlutareikningurinn byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar, flutningsvirki, fjarskiptakerfi, veltufjáreignir, veltufjárskuldir, skilyrt lán og eignarhlutar í öðrum félögum eru færðir á gangvirði.

### 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

### 5. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir 1.1.-30.6. 2011	Orkuvinnsla	Orkuflutningur	Aðrir starfspættir	Jöfnunar-færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila .....	192.221	24.233	1.431		217.885
Tekjur innan samstæðu .....	5.944	28.273	1.502	( 35.719)	0
Tekjur starfspátta .....	198.165	52.506	2.933	( 35.719)	217.885
Rekstrargjöld starfspátta .....	( 57.638)	( 14.672)	( 2.077)	35.719	( 38.667)
EBITDA .....	140.527	37.834	856		179.219
Afskriftir og virðisrýrnun .....	( 42.962)	( 10.710)	( 346)	242	( 53.777)
Afkoma starfspátta, EBIT .....	97.565	27.124	510	242	125.441
Eignir starfspátta 30.6.2011 .....	4.626.179	611.351	12.479	( 491.982)	4.758.027
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	21.147	400	344		21.891
Eignir samtals 30.6.2011 .....	4.647.326	611.751	12.823	( 491.982)	4.779.918
Starfspáttaskuldir 30.6.2011 .....	2.984.236	511.398	4.211	( 389.999)	3.109.845
Skuldir samtals 30.6.2011 .....	2.984.236	511.398	4.211	( 389.999)	3.109.845

## Skýringar, frh.:

<b>Rekstrarstarfsþættir 1.1.-30.6. 2010</b>	<b>Orkuvinnsla</b>	<b>Orkuflutningur</b>	<b>Aðrir starfsþættir</b>	<b>Jöfnunar færslur</b>	<b>Samtals</b>
Tekjur frá þriðja aðila .....	156.517	23.150	1.526		181.193
Tekjur innan samstæðu .....	7.478	28.550	3.074	( 39.102)	0
Tekjur starfsþátta .....	163.995	51.700	4.600	( 39.102)	181.193
Rekstrargjöld starfsþátta .....	( 57.233)	( 15.376)	( 3.891)	39.102	( 37.398)
EBITDA .....	106.762	36.324	709		143.795
Afskriftir og virðisrýrnun .....	( 42.943)	( 9.392)	( 509)	210	( 52.634)
Afkoma starfsþátta, EBIT .....	63.819	26.932	200	210	91.161
Eignir starfsþátta 31.12.2010 .....	4.681.746	600.294	12.979	( 479.392)	4.815.626
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	21.032	445	382		21.860
Eignir samtals 31.12.2010 .....	4.702.778	600.739	13.361	( 479.392)	4.837.486
Starfsþáttaskuldir 31.12.2010 .....	3.066.327	499.722	5.168	( 378.053)	3.193.164
Skuldir samtals 31.12.2010 .....	3.066.327	499.722	5.168	( 378.053)	3.193.164

### 6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Vaxtatekjur .....	1.699	2.854
Vaxtagjöld .....	( 39.909)	( 27.487)
Ábyrgðargjald .....	( 3.585)	( 3.485)
Verðbætur .....	( 13.101)	( 8.531)
Eignfært á nýbyggingar .....	604	148
Vaxtagjöld samtals .....	( 55.991)	( 39.355)
Innleystur gjaldeyrismunur .....	( 19.200)	( 7.002)
Óinnleystur gjaldeyrismunur .....	( 94.221)	178.686
Gjaldeyrismunur samtals .....	( 113.421)	171.684
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða .....	59.000	( 183.236)
Gangvirðisbreyting annarra afleiðusamninga .....	21.817	( 21.777)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	( 1.467)	37
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa .....	0	( 197)
Tap af sölu hlutabréfa .....	0	( 4)
Aðrar fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals .....	( 1.467)	( 164)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 88.363)	( 69.994)

### 7. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir, stofnverð þeirra og afskriftir greinast þannig:

<b>Kostnaðarverð</b>	<b>Aflstöðvar</b>	<b>Flutningskerfi</b>	<b>Fjarskiptabúnaður</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 1.1.2010 .....	4.827.835	524.865	10.310	68.928	5.431.938
Áhrif gengisbreytinga .....	0	46.018	900	1.986	48.904
Viðbætur á árinu .....	16.357	3.622	287	3.099	23.365
Flutt á eignir til sölu .....	0	0	( 869)	75	( 794)
Flutt af mannvirkjum í byggingu .....	0	14.172	0	0	14.172
Selt og aflagt .....	0	0	0	( 588)	( 588)
Staða 31.12.2010 .....	4.844.192	588.677	10.628	73.500	5.516.997
Áhrif gengisbreytinga .....	0	2.884	38	129	3.051
Viðbætur á tímabilinu .....	4.413	792	162	1.412	6.779
Selt og aflagt .....	0	0	( 2.477)	( 306)	( 2.783)
Staða 30.6.2011 .....	4.848.605	592.353	8.351	74.735	5.524.044

## Skýringar, frh.:

### 7. Rekstrarfjármunir, frh.:

Afskriftir og virðisrýrnun	Aflstöðvar	Flutnings-kerfi	Fjarskipta-búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2010 .....	1.605.761	61.252	4.020	23.404	1.694.437
Afskriftir ársins .....	84.200	18.008	943	2.520	105.671
Áhrif gengisbreytinga .....	0	6.367	400	390	7.157
Breyting á endurmati .....	0	0	533	0	533
Selt og aflagt .....	0	0	0	( 534)	( 534)
Staða 31.12.2010 .....	1.689.961	85.627	5.896	25.780	1.807.264
Afskriftir á tímabilinu .....	42.209	9.635	345	1.235	53.424
Áhrif gengisbreytinga .....	0	479	15	29	523
Selt og aflagt .....	0	0	( 2.609)	( 108)	( 2.717)
Staða 30.6.2011 .....	1.732.170	95.741	3.647	26.936	1.858.494
<b>Bókfært verð</b>					
1.1.2010 .....	3.222.074	463.614	6.291	45.524	3.737.501
31.12.2010 og 1.1.2011 .....	3.154.231	503.050	4.732	47.720	3.709.732
30.6.2011 .....	3.116.435	496.612	4.703	47.799	3.665.549

### 8. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Eignfærður undirbúnings-kostnaður	Vatns- og jarðhita-réttindi	Hugbúnaður	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða 1.1.2010 .....	155.254	40.568	6.028	201.850
Áhrif gengisbreytinga .....	1.783	0	260	2.043
Viðbætur á árinu .....	28.709	4.259	239	33.207
Yfirtekið við kaup á dótturfélagi .....	34.236	0	0	34.236
Millifært á mannvirki í byggingu á árinu .....	( 3.411)	0	0	( 3.411)
Staða 31.12.2010 .....	216.571	44.827	6.527	267.925
Áhrif gengisbreytinga .....	317	0	16	333
Viðbætur á tímabilinu .....	6.603	0	6	6.609
Millifært á mannvirki í byggingu .....	( 18.473)	0	0	( 18.473)
Staða 30.6.2011 .....	205.018	44.827	6.549	256.394
<b>Afskriftir og virðisrýrnun</b>				
Staða 1.1.2010 .....	56.988	0	3.341	60.329
Afskriftir á árinu .....	0	0	918	918
Virðisrýrnun á árinu .....	669	0	0	669
Selt og aflagt .....	0	0	120	120
Áhrif gengisbreytinga .....	72	0	0	72
Staða 31.12.2010 .....	57.729	0	4.379	62.108
Afskriftir á tímabilinu .....	0	0	354	354
Áhrif gengisbreytinga .....	5	0	11	16
Staða 30.6.2011 .....	57.734	0	4.744	62.478
<b>Bókfært verð</b>				
1.1.2010 .....	98.266	40.568	2.687	141.521
31.12.2010 og 1.1.2011 .....	158.842	44.827	2.148	205.819
30.6.2011 .....	147.285	44.827	1.805	193.918

## Skýringar, frh.:

### 9. Afskriftir og virðisrýrnun

Afskriftir og virðisrýrnun samstæðunnar sundurliðast þannig:	2011 1.1.-30.6.	2010 1.1.-30.6.
Aflstöðvar .....	42.209	42.064
Flutningskerfi .....	9.635	8.360
Aðrar eignir .....	1.579	1.737
Afskrift eigna í rekstri .....	53.423	52.162
Afskriftir hugbúnaðar .....	354	473
	<u>53.777</u>	<u>52.634</u>
 Afskriftir og virðisrýrnun samstæðunnar skiptast þannig á rekstrarliði:		
Orkusvið .....	42.467	42.342
Flutningskerfi .....	9.880	8.647
Annar rekstrarkostnaður .....	1.431	1.645
	<u>53.777</u>	<u>52.634</u>

### 10. Afleiðusamningar í efnahagsreikningi

Afleiðusamningar í efnahagsreikningi sundurliðast þannig:

	30.6. 2011	31.12. 2010
<b>Eignir:</b>		
Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum .....	452.053	391.332
Álvarnir .....	23.002	28.752
Gjaldmiðlaskiptasamningar .....	0	7.846
Vaxtaskiptasamningar .....	0	1.613
Aðrir afleiðusamningar .....	9.130	246
	<u>484.185</u>	<u>429.789</u>
 Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi:		
Langtímahluti afleiðusamninga .....	411.179	363.694
Skammtímahluti afleiðusamninga .....	73.006	66.095
	<u>484.185</u>	<u>429.789</u>
 <b>Skuldir:</b>		
Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum .....	25.629	23.908
Álvarnir .....	13.267	13.507
Gjaldmiðlaskiptasamningar .....	28.422	28.789
Vaxtaskiptasamningar .....	39.811	35.972
Aðrir afleiðusamningar .....	8.227	35.163
	<u>115.356</u>	<u>137.339</u>
 Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi:		
Langtímahluti afleiðusamninga .....	81.710	96.133
Skammtímahluti afleiðusamninga .....	33.646	41.206
	<u>115.356</u>	<u>137.339</u>

## Skýringar, frh.:

### 11. Skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

		30.6.2011		31.12.2010	
	Loka- gjaldddagi	Meðal- vextir	Eftir- stöðvar	Meðal- vextir	Eftir- stöðvar
Skuldir í ISK, verðtryggt .....	2011-2034	4,0%	461.190	4,0%	444.387
Skuldir í ISK, óverðtryggt .....	2011	6,5%	1.941	6,9%	66.490
Skuldir í CHF .....	2011-2022	0,6%	72.513	2,8%	108.387
Skuldir í EUR .....	2011-2028	1,7%	1.178.709	1,5%	1.208.957
Skuldir í GBP .....	2014-2016	11,4%	14.774	11,4%	14.334
Skuldir í JPY .....	2011-2033	2,4%	37.102	1,3%	62.213
Skuldir í USD .....	2011-2026	2,9%	1.111.898	2,4%	1.034.730
			<u>2.878.127</u>		<u>2.939.498</u>
Afborganir næsta árs .....			( 196.803)		( 369.799)
Skuldir til langs tíma samtals .....			<u>2.681.324</u>		<u>2.569.699</u>

Vaxtakjör af lánnum móðurfyrirtækisins eru frá 0,3-14,5%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 3,03% en þeir voru um 2,57% árið áður.

Reykjavíkurborg og Akureyrarbær bera einfalda ábyrgð með ríkissjóði á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað var til fyrir árslok 2006. Frá upphafi árs 2007 bera ríkissjóður og Eignarhlutir ehf. einfalda ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað er til eftir þann tíma.

### 12. Afborganir langtímaskulda

Samkvæmt lánasamningum eru afborganir langtímaskulda eftirfarandi:

	2011
1.7.2011-30.06.2012 .....	196.803
1.7.2012-31.12.2012 .....	116.666
2013 .....	160.710
2014 .....	159.091
2015 .....	248.333
2016 .....	266.384
Síðar .....	1.730.140
	<u>2.878.127</u>

### 13. Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri segir mikið til um hæfi fyrirtækisins til að standa við greiðsluskuldbindingar sínar. Eftirfarandi eru rekstrarhreyfingar settar fram samkvæmt beinni aðferð til samanburðar.

	2011	2010
Rekstrarhreyfingar:	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Innborganir viðskiptavina .....	219.294	181.930
Greiddur rekstrarkostnaður .....	( 39.523)	( 32.894)
Handbært fé frá rekstri án vaxta	<u>179.771</u>	<u>149.036</u>
Innborgaðar vaxtatekjur .....	1.643	2.230
Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur .....	( 48.745)	( 41.282)
Handbært fé frá rekstri	<u>132.669</u>	<u>109.984</u>

## Skýringar, frh.:

### 14. Áhættustýring

Stjórn Landsvirkjunar hefur samþykkt stefnu við áhættustýringu sem byggir á eftirfarandi þáttum:

- Að áhætta sé skilgreind og uppruni hennar þekktur
- Að notaðar séu viðurkenndar aðferðir til mælingar á áhættu
- Að beitt sé virkri stýringu í samræmi við heimildir
- Að virkt eftirlit með áhættuþáttum sé tryggt
- Að upplýsingagjöf til áhættustjórnar og stjórnar sé regluleg og ítarleg

Í stefnu Landsvirkjunar um áhættustýringu eru skilgreind ásættanleg áhættumörk í hverjum áhættuflokki í samræmi við markmið um æskilega langtímastöðu. Stjórn félagsins fær reglulega yfirlit þar sem áhætta félagsins og árangur áhættustýringar eru metin.

Ákvörðunartaka og eftirlit varðandi framkvæmd áhættustýringar er í höndum áhættustjórnar. Í áhættustjórn sitja forstjóri, staðgengill forstjóra og framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Forstjóri er formaður áhættustjórnar. Dagleg áhættustýring er í höndum yfirmanns áhættustýringar.

Áhættustýring hefur það meginmarkmið að fylgjast með, greina og stýra fjárhagslegri áhættu Landsvirkjunar í þeim tilgangi að draga úr sveiflum í rekstri vegna breytinga á gengi, vöxtum og álverði. Fjárhagsleg áhætta greinist í markaðsáhættu, lausafjáraáhættu og mótaðilaáhættu.

Markaðsáhætta félagsins er einkum þrenns konar:

- Áhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á áli
- Gjaldeyrissáhætta vegna skulda og sjóðstreymis
- Vaxtaáhætta vegna lána fyrirtækisins

Landsvirkjun hefur náð samkomulagi við flestar þær fjármálastofnanir sem leitað hefur verið til er varðar afleiðuviðskipti fyrirtækisins. Slík viðskipti fara nú fram án trygginga og mögulegra veðkalla sem er mikilvæg forsenda þess að Landsvirkjun nýti sér afleiður til áhættuvarna.

Með nýjum lántökum og góðu sjóðstreymi fyrstu sex mánuði ársins er lausafjárstaða fyrirtækisins góð. Áhættustýring hefur því meira svigrúm en áður til virkrar stýringar og kemur það sér vel á hvikum fjármálamörkuðum.

Áhersla Landsvirkjunar er sem fyrr á lágmörkun lausafjáraáhættu og mun stýring áhættu og gerð afleiðusamninga taka mið af því.

### 15. Álverðsáhætta

Áhætta félagsins vegna breytinga á álverði í framtíðinni er umtalsverð þar sem um helmingur tekna af raforkusölu er bundinn álverði. Félagið hefur því gert afleiðusamninga í því skyni að treysta tekjugrundvöll sinn og draga úr sveiflum. Slíkir samningar fela í flestum tilvikum í sér að álverð er fest á ákveðnu bili. Félagið verður því af tekjum ef álverð hækkar umtalsvert en tryggir um leið betra sjóðstreymi ef álverð lækkar á mörkuðum. Áhættustýring hefur heimild til að verja allt að 100% af álverðsáhættu næsta árs og hlutfallslega minna næstu 10 ár en er ekki bundin af lágmarksvörnum. Í lok júní var gangvirði umræddra áhættuvarnarsamninga jákvætt um 10 milljónir USD en samningarnir eru virkir til fjögurra ára.

Meðfylgjandi tafla sýnir hversu miklar breytingar yrðu á gangvirði álvarnarsamninga við breytingar á álverði og/eða vöxtum. Fjárhæðirnar eru í þúsundum Bandaríkjadala fyrir skatta.

30.6.2011				30.6.2010					
		Álverð					Álverð		
		-10%	0%	10%			-10%	0%	10%
Vextir	-1%	16.932	1.836	(13.514)	Vextir	-1%	14.604	2.055	(10.482)
	0%	15.174	-	(15.423)		0%	12.609	-	(12.589)
	1%	13.426	(1.823)	(17.316)		1%	10.639	(2.029)	(14.667)



## Skýringar, frh.:

### 15. Álverðsáhætta, frh.:

#### Innbyggðar afleiður

Með samningum Landsvirkjunar um orkusölu og orkukaup á rafmagni með tengingu við álverð verða til innbyggðar afleiður sem færðar eru í reikningskilum félagsins. Innbyggðar afleiður orkusölusamninga eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á gangvirði á reikningsskiladegi og á sambærilegan hátt eru orkukaupasamningar færðir til skuldar. Nettó gangvirðisbreytingar orkusölu- og orkukaupasamninga á tímabilinu eru færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

	30.6.2011	31.12.2010
Gangvirði innbyggðra afleiða alls sundurliðast þannig:		
Gangvirði innbyggðra afleiða í ársbyrjun .....	367.424	423.007
Breyting á gangvirði á tímabilinu .....	59.000	( 55.583)
Gangvirði innbyggðra afleiða í lok tímabils .....	426.424	367.424
Skipting innbyggðra afleiða er eftirfarandi:		
Langtímahluti innbyggðra afleiða .....	379.369	322.954
Skammtímahluti innbyggðra afleiða .....	47.055	44.470
Innbyggðar afleiður samtals .....	426.424	367.424

Meðfylgjandi tafla sýnir hversu miklar breytingar yrðu á gangvirði innbyggðra afleiða ef breytingar yrðu á álverði og/eða vöxtum, en áhrif vegna breytinga á flökti álverðs eru óveruleg. Fjárhæðirnar eru í þúsundum Bandaríkjadala fyrir skatta.

30.6.2011				30.6.2010					
		Álverð					Álverð		
		-10%	0%	10%			-10%	0%	10%
Vextir	-1%	(125.179)	20.828	166.675	Vextir	-1%	(139.725)	11.936	159.007
	0%	(139.039)	-	138.877		0%	(145.076)	-	140.206
	1%	(152.214)	(19.753)	112.545		1%	(150.076)	(11.184)	122.592

Það er mat stjórnenda Landsvirkjunar að útreikningar á virði innbyggðra afleiða séu í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla. Helstu forsendur eru eftirfarandi:

Gangvirði afleiðanna er reiknað út frá framvirku verði á áli, eins og það er birt í LME kauphöllinni, núvirt með eingreiðsluvöxtum (e. zero-coupon) í Bandaríkjunum að teknu tilliti til flökts í álverði.

Það er mat stjórnenda að væntingar um álverð eftir tíu ár endurspegli álverð eins og þegar samningar voru gerðir og því myndist ekki gangvirðisbreytingar vegna þess tímabils. Útreikningar miðast því að hámarki við tímalengdir opinberra upplýsinga um álverð, eða 123 mánuði.

Útreikningar takmarkast í tímalengd við endurskoðun á raforkuverði samninga eða samningstíma. Tímalengdin getur þó aldrei orðið meiri en fyrrgreindir 123 mánuðir.

Vegna ákvæða um kaupskyldu raforkukaupenda miðast útreikningar við tryggð lágmarkskaup 77% - 85%.

## Skýringar, frh.:

### 16. Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er sú áhætta að fé tapist vegna óhagstæðra breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta Landsvirkjunar hlýst af greiðslufæði, fjármálagum eignum og skuldum sem og af öllum almennum viðskiptum í öðrum myntum en starfrækslumynt.

Starfrækslumynt félagsins er Bandaríkjadalur og myndast því gjaldmiðlaáhætta af nettó sjóðstreymi og opinni stöðu efnahagsreiknings í öðrum myntum en Bandaríkjadal. Tekjustreymi félagsins er að mestu leyti í Bandaríkjadal. Aðrar tekjur eru í ISK og NOK en gjaldmiðlaáhætta vegna þessara mynta er takmörkuð þar sem nettun er í sjóðstreymi ISK og tekjur í NOK eru hlutfallslega litlar. Greiðsluáhætta vegna afborgana og vaxta í EUR næstu árin hefur verið takmörkuð með afleiðusamningum. Áhættustýring hefur heimild til að tryggja sjóðstreymi gagnvart uppgjörsmýnt allt að þrjú ár fram í tímann með framvirkum samningum og vilnunum.

Uppgjörsáhætta tengd breytingum á gengi myndast einkum vegna skulda í EUR sem að mestu eru lán til langs tíma. Einnig er takmörkuð áhætta tengd JPY, ISK og GBP vegna útistandandi lána. Opin staða lánasafnsins gagnvart Bandaríkjadal, að teknu tilliti til áhættuvarna, er um 20% af efnahag. Hlutfallið er innan viðmiða fyrirtækisins og áhættan ásættanleg.

#### Næmnigreining

Styrking USD um 10% gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði bætt afkomu og eigið fé félagsins um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2010.

	Hagnaður eftir skatta	
	30.6.2011	31.12.2010
EUR .....	43.383	41.485
ISK .....	23.737	24.239
JPY .....	5.454	4.234

Veiking USD um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

Gangvirði gjaldeyrisskiptasamninga var neikvætt um 28 milljónir USD í lok júní 2011. Undirliggjandi fjárhæð höfuðstóls nemur 142 milljónum USD. Gangvirði framvirkra samninga með gjaldeyri var neikvætt um 2 milljónir USD en undirliggjandi fjárhæð höfuðstóls nemur um 145 milljónum USD. Gangvirði valréttarsamninga með gjaldeyri var jákvætt um 3 milljónir USD og undirliggjandi fjárhæð höfuðstóls nemur sem svarar til um 706 milljónum USD.

### 17. Vaxtaáhætta

Landsvirkjun býr við vaxtaáhattu vegna vaxtaberandi eigna og skulda. Skuldir félagsins bera bæði fasta og breytilega vexti og eru vaxtaafleiður nýttar til stýringar á áhættu. Vaxtaberandi fjárskuldir eru mun hærri en vaxtaberandi fjáreignir og er áhætta félagsins því falin í mögulegri hækun vaxta og auknum fjármagnskostnaði.

Í lok júní var hlutfall lána með breytilegum vöxtum um 78% samanborið við 75% í árslok 2010. Breyting vaxta um eitt prósentustig hefði haft í för með sér breytingu vaxtagjalda um 11 milljónir USD á fyrri hluta árs 2011 (14 milljónir USD fyrir sama tímabil 2010). Fjármálagerningar fyrirtækisins með fasta vexti eru ekki næmir fyrir breytingum á vöxtum.

## Skýringar, frh.:

### 17. Vaxtaáhætta, frh.:

Landsvirkjun hefur í litlum mæli gert samninga um vaxtaskipti sem hafa það að markmiði að festa vexti og draga úr áhættu félagsins. Samningarnir eru ekki tilgreindir sem áhættuvarnarsamband og eru gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Í lok júní 2011 var gangvirði vaxtaskiptasamninga neikvætt um 40 milljónir USD. Undirliggjandi fjárhæð nam um 185 milljónum USD.

Breytingar á vöxtum í Bandaríkjunum hafa umtalsverð áhrif á virði innbyggðra afleiða hjá Landsvirkjun og eru áhrifin meiri eftir því sem álverð er hærra. Næmnigreiningu innbyggðra afleiða, miðað við lok júní, er að finna í skýringu 15 en þar eru sýnd áhrif af breytingum á vöxtum og álverði á innbyggðar afleiður í raforkusamningum félagsins.

### 18. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta felur í sér hættu á tapi ef félagið getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á gjalddaga. Félagið lágmarkar lausafjárahættu með virkri stýringu lausafjár sem felur í sér að nægt laust fé sé til staðar á hverjum tíma til að standa við skuldbindingar félagsins. Til að tryggja sem best jafnvægi á milli skuldbindinga og vænts greiðslustreymis er lögð áhersla á rúma lausafjárstöðu félagsins í formi handbærs fjár og aðgengi að samningsbundnu veltiláni, sem var óáregið að fjárhæð 308 milljónir USD í lok júní 2011. Landsvirkjun hefur jafnframt tryggt aðgengi að samningsbundnu veltiláni í íslenskum krónum. Veltilánið nemur 5 milljörðum króna og er með lokagjaldaga í mars 2014 og er óáregið.

Í lok júní nam handbært fé félagsins 193 milljónum USD og ódregin veltilán 352 milljónir USD, eða alls 545 milljónir USD. Að teknu tilliti til sjóðstreymis og núverandi skuldbindinga telur fyrirtækið aðgengi að lausafé tryggt næstu árin.

Til að tryggja aðgengi að fjármagni og viðhalda sveigjanleika hefur Landsvirkjun nýtt sér mismunandi tegundir fjármögnunar. Undanfarin ár hefur fjármögnun þó að mestu farið fram í gegnum EMTN (e. Euro Medium Term Note) rammasamning fyrirtækisins. Í lok júní var staða lána undir EMTN samningnum um 1,84 milljarðar USD en heildarfjárhæð getur að hámarki numið 2,5 milljörðum Bandaríkjadala.

Dregið er úr endurfjármögnunaráhættu félagsins með jafnri dreifingu afborgana og vaxta og með löngum líftíma útistandandi lána. Veginn meðallíftími lánasafnsins var 7,5 ár í lok júní og hlutfall lána á gjalddaga innan 12 mánaða var 6%. Útreikningar í lok árs 2010 á samningsbundnu sjóðsflæði vaxtaberandi skulda miðuðust við gildandi vaxtaþrósentu frá síðasta greiðsludegi fyrir áramót. Í árshlutareikningnum eru hins vegar notaðir fölgirnir framvirkir vextir. Landsvirkjun mun framvegis beita þeirri aðferð og er það í samræmi við innra verklag fyrirtækisins.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjármálagerninga, þar með taldir vextir, greinast þannig:

30.6.2011	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan ársins	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Meira en 5 ár
<i>Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður</i>						
Handbært fé .....	193.332	193.332	193.332			
Skammtímakröfur .....	83.880	83.880	83.880			
Vaxtaberandi skuldir .....	( 2.878.127)	( 3.784.651)	( 247.834)	( 303.105)	( 926.884)	( 2.306.827)
Skammtímaskuldir .....	( 87.295)	( 87.295)	( 87.295)			
	( 2.688.210)	( 3.594.734)	( 57.917)	( 303.105)	( 926.884)	( 2.306.827)

## Skýringar, frh.:

### 18. Lausafjánhætta, frh.:

30.6.2011	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan ársins	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Meira en 5 ár
<i>Fjármálagerningar sem eru afleiður</i>						
Gjaldmiðlasamningar ....	( 25.359)	( 24.338)	( 13.067)	( 11.271)		
Vaxtaskiptasamningar ...	( 39.811)	( 36.793)	( 4.370)	( 4.151)	( 28.518)	246
Framvirkir samningar ....	( 2.161)	( 2.161)	( 2.161)			
Álafleiður .....	9.735	10.675	7.450	( 1.329)	4.553	
Innbyggðar afleiður í raforkusamningum .....	426.424	480.876	47.158	47.412	150.347	235.959
	<u>368.829</u>	<u>428.258</u>	<u>35.010</u>	<u>30.661</u>	<u>126.382</u>	<u>236.205</u>

### 31.12.2010

#### *Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður*

Handbært fé .....	265.532	265.532	265.532			
Skammtímakröfur .....	92.086	92.086	92.086			
Vaxtaberandi skuldir ....	( 2.939.498)	( 3.439.107)	( 443.134)	( 293.037)	( 723.681)	( 1.979.256)
Skammtímaskuldir .....	( 86.344)	( 86.344)	( 86.344)			
	<u>( 2.668.224)</u>	<u>( 3.167.833)</u>	<u>( 171.860)</u>	<u>( 293.037)</u>	<u>( 723.681)</u>	<u>( 1.979.256)</u>

#### *Fjármálagerningar sem eru afleiður*

Gjaldmiðlasamningar ....	( 50.338)	( 43.640)	( 10.908)	( 18.711)	( 14.021)	
Vaxtaskiptasamningar ...	( 34.359)	( 32.165)	( 4.205)	( 4.209)	( 14.147)	( 9.604)
Framvirkir samningar ....	( 5.522)	( 4.905)	( 4.905)			
Álafleiður .....	15.246	20.034	14.892	( 2.191)	7.333	
Innbyggðar afleiður í raforkusamningum .....	367.424	416.613	44.584	43.576	127.710	200.743
	<u>292.451</u>	<u>355.937</u>	<u>39.458</u>	<u>18.465</u>	<u>106.875</u>	<u>191.139</u>

### 19. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta felur í sér hættu á að gagnaðili samnings uppfylli ekki ákvæði hans. Mótaðilaáhætta Landsvirkjunar verður fyrst og fremst til vegna raforkusamninga til iðnaðar og afleiðusamninga fyrirtækisins sem eru gerðir í áhættuvarnarskyni. Þó svo um verulegar fjárhæðir geti verið að ræða er áhættan takmörkuð með kröfum fyrirtækisins um gæði mótaðila. Landsvirkjun hefur sett sér sem viðmið varðandi afleiðuvíðskipti að ekki eru gerðir samningar við fjármálastofnanir sem hafa lægri lánshæfiseinkunn en A- frá Standard og Poor's eða sambærilega lánshæfiseinkunn frá öðrum viðurkenndum matsfyrirtækjum. Áður en gerðir eru samningar um sölu á raforku er farið ítarlega yfir fjárhagsstöðu viðkomandi fyrirtækja og móðurfélaga þeirra ef við á.

Mótaðilaáhætta fyrirtækisins greinist með eftirfarandi hætti í lok tímabilsins:

	30.6.2011	31.12.2010
Afleiðusamningar .....	484.185	429.789
Aðrar langtímakröfur .....	0	89
Víðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	83.880	92.086
Handbært fé .....	193.332	265.532
	<u>761.397</u>	<u>787.496</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 20. Önnur mál

Þann 22. ágúst 2007 kvað sérstök matsnefnd upp úrskurð um fjárhæð bóta fyrir vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar og skiptingu þeirra milli eigenda. Matsfjárhæðin í heild nam um 14 milljónum USD. Flestir eigendur vatnsréttinda á Jökuldal og þrír í Fljótsdal tilkynntu að þeir myndu ekki sætta sig við niðurstöðu matsnefndarinnar og höfðu dómsmál fyrir 22. febrúar 2008. Voru 40 mál þingfest í Héraðsdómi Austurlands 15. janúar 2008. Um er að ræða eigendur um þriðjungs vatnsréttindanna. Héraðsdómur Austurlands kvað upp dóm þann 25. janúar 2011 þar sem niðurstaða matsnefndar var staðfest og Landsvirkjun beri að greiða almenna vexti og dráttarvexti. Uppgjör við vatnsréttarhafa hefur farið fram á grundvelli matsins og dómsins en ólokið er uppgjóri við ríkið vegna þjóðlendna. Dómi Héraðsdóms Austurlands hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.